

AFKOMA ARION BANKA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2013

Hagnaður Arion banka á fyrri helmingi ársins 2013 nam 5,9 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 11,2 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2012. Arðsemi eigin fjár var 8,9% samanborið við 18,8% á sama tímabili árið 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 8,1% en var 11,8% á sama tíma árið 2012. Heildareignir námu 929,0 milljörðum króna samanborið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012.

Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 4,5 milljörðum króna samanborið við 6,8 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2012. Arðsemi eigin fjár á öðrum ársfjórðungi var 13,5% samanborið við 22,7% á sama ársfjórðungi árið 2012 og arðsemi af kjarnastarfsemi nam 9,9% en 11,4% á öðrum ársfjórðungi ársins 2012.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,3%, sem er það sama og í árslok 2012.

Helstu atriði árschlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 5,9 mö.kr. samanborið við 11,2 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 4,5 mö.kr. samanborið við 6,8 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi ársins 2012.
- Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 5,4 mö.kr. samanborið við 7,0 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Rekstrartekjur lækka milli ára og námu 20,8 mö.kr. samanborið við 24,9 ma.kr. á sama tímabili 2012. Helstu ástæður eru lækkan vaxtamunar, sem m.a. er tilkomin vegna bindingar innlána, skuldabréfaútgáfu og minni virðisbreytinga á lánasafni.
- Hreinar vaxtatekjur námu 12,7 mö.kr. og eru nokkru lægri en á sama tíma 2012, einkum vegna lægri verðbólgu.
- Hrein virðisbreyting á útlánum nemur 0,1 ma.kr. og skýrist mest af niðurfærslum vegna gengislánadóma og töpuðum útlánum sem nema samtals 6,8 mö.kr. Einnig virðisaukningu útlána, einkum til fyrirtækja, sem nemur samtals 6,7 mö.kr.
- Arðsemi eigin fjár var 8,9% en var 18,8% á sama tímabili 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 8,1% samanborið við 11,8% á sama tíma 2012.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,1% á tímabilinu en var 3,4% á sama tímabili 2012.
- Kostnaðarhlutfall á tímabilinu var 62,4% en var 52,0% á sama tímabili 2012. Hátt hlutfall nú skýrist m.a. af varúðarfærslu vegna sektar samkeppnisyfirvalda á Valitor og lægri rekstrartekna en á sama tíma 2012. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 60,3% samanborið við 52,8% á sama tímabili 2012.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 567,3 mö.kr. og hafa lítið breyst frá áramótum.
- Heildareignir námu 929,0 mö.kr., samanborið við 900,7 ma.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé bankans í lok tímabilsins var 136,8 ma.kr. en nam 130,9 mö.kr. í lok árs 2012.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Uppgjör bankans á öðrum ársfjórðungi er í samræmi við væntingar. Staða bankans heldur áfram að styrkjast. Þar skiptir miklu aukin gæði lánasafns bankans sem og fjölbreyttari fjármögnun, en mikil



vinna hefur verið unnin á þessum sviðum undanfarin misseri. Eiginfjárlutfall bankans er áfram mjög sterkt sem og lausafjárlutaföll.

Þrátt fyrir góða afkomu á öðrum ársfjórðungi þá litast uppgjörið fyrir fyrstu sex mánuði ársins af uppgjöri bankans á fyrsta ársfjórðungi sem var undir væntingum, fyrst og fremst vegna þróunar gjaldmiðilsins og einskiptiskostnaðar hjá dótturfélagi bankans.

Við sjáum aukna eftirspurn eftir lánum á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er jákvæð þróun og er um að ræða ríflega 60% aukningu á nýjum lánum miðað við sama tímabil í fyrra. Því er ekki að neita að við myndum vilja sjá eftirspurnina aukast enn meira sé horft til þess að við erum að koma úr tímabili mikillar kyrrstöðu en breyting á eftirspurn er vísbending um umsvif í hagkerfinu.

Áfram er góður stöðugleiki í öllum grunnþáttum í starfsemi bankans, þó eru enn til staðar í ytra umhverfi bankans þættir sem eru sveifluvaldandi svo sem verulegar gjaldfærslur vegna gengisdóma, nú á þessu ári líkt og undangengin ár. Engu að síður sjáum við áhrif óreglulegra liða í rekstri bankans fara minnkandi og gerum ráð fyrir áframhaldandi þróun í þá veru.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	6 mán. '13	6 mán. '12	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	12.667	13.880	-1.213	-9%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	134	2.532	-2.398	-95%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	12.801	16.412	-3.611	-22%
Hreinar þóknatekjur	5.298	5.338	-40	-1%
Hreinar fjármunatekjur	1.544	330	1.214	368%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	-1.248	-149	-1.099	738%
Aðrar tekjur	2.425	3.006	-581	-19%
Rekstrartekjur	20.820	24.937	-4.117	-17%
Laun og launatengd gjöld	-6.679	-6.169	-510	8%
Annar rekstrarkostnaður	-6.228	-5.475	-753	14%
Hagnaður fyrir skatta	7.913	13.293	-5.380	-40%
Tekjuskattur	-1.749	-2.913	1.164	-40%
Bankaskattur	-188	-510	322	-63%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	5.976	9.870	-3.894	-39%
Hreinar tekjur/-gjöld af aflagðri starfsemi e. skatta	-65	1.379	-1.444	-
Hagnaður tímabilsins	5.911	11.249	-5.338	-47%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 20.820 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2013 og eru 4.117 milljónum króna lægri en á sama tíma árið 2012. Lækkunin er fyrst og fremst tilkomin vegna lægri vaxtamunar og minni virðishækkunar útlána en var á sama tíma 2012.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 12.667 milljónum króna, samanborið við 13.880 milljónir króna á sama tíma 2012. Lækkunin milli ára er rúmur milljarður og skýrist einkum af minni verðbólgu annars vegar og hærri vaxtagjöldum af innlánunum, sem eru í meira mæli bundin og bankinn greiðir fyrir þá bindingu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,1% á tímabilinu en var 3,4% á sama tímabili 2012.

Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í tekjufærslu upp á 134 milljónir króna á tímabilinu samanborið við 2.532 milljóna króna tekjufærslu á sama tímabili 2012. Enn er nokkur óvissa um mat á hluta útlána samstæðunnar, sem m.a. má sjá í jákvæðum breytingum á lánasafninu upp á 6.798 milljónir króna, sem eru einkum tengdar góðum endurheimtum útlána til stærri fyrirtækja í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar þeirra. Á móti kemur virðisrýrnun útlána upp á 6.664 milljónir króna, sem er að talsverðum hluta tilkomin vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla.

Hreinar þóknatekjur standa nánast í stað milli ára og námu 5.298 milljónum króna samanborið við 5.338 milljónir króna á sama tíma 2012. Talsverð aukning þóknatekna hefur orðið í eignastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi en á móti hafa tekjur af kortum og lánveitingum lækkað nokkuð.

Hreinar fjármunatekjur námu 1.544 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 330 milljónir króna á sama tíma 2012. Tekjurnar eru bæði af hlutabréfa- og skuldabréfaeign bankans og eru tilkomnar vegna hagstæðra markaðsaðstæðna á íslenskum verðbréfamarkaði á fyrri hluta ársins 2013.

Hreint gengistap nam 1.248 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 149 milljóna króna tap á sama tíma 2012. Nettó gjaldeyrisjöfnuður bankans nam 24,3 milljörðum króna í lok tímabilsins sem olli því að gengissveiflur höfðu veruleg áhrif á rekstrartekjur. Gjaldeyrisjöfnuðurinn er nokkuð innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur. Það er stefna bankans að vera með góða lausafjárstöðu í gjaldeyri en þróun gengis á fyrri hluta ársins gerir það að verkum að sú stefna leiðir til gengistaps á tímabilinu.



Aðrar rekstrartekjur námu 2.425 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 3.006 milljónir króna á sama tíma 2012. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá falla jafnframt þar undir virðisbreytingar og söluhagnaður vegna fjárfestingareigna í eigu fasteignafélaga bankans sem skýrir að mestu lækkunina milli ára – virðisbreyting og hagnaður af sölu fjárfestingareigna var meiri á fyrri hluta ársins 2012.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á tímabilinu nam 12.907 milljónum króna og hækkaði um 1.263 milljónir króna frá sama tíma 2012 eða um 10,8%. Meðal rekstrarkostnaðar er 500 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor, en Valitor hefur áfrýjað ákvörðuninni til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Að frátaldri sektinni hækkar rekstrarkostnaður um 763 milljónir króna eða um 6,5%. Kostnaðarhlutfall hækkar í 62,4% á tímabilinu en var 52,0% á sama tíma 2012. Kostnaðarhlutfall á öðrum ársfjórðungi 2013 er þó lægra en var á þeim fyrsta – nemur nú 54,4% samanborið við 72,6% á fyrsta ársfjórðungi. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,8% en var 2,6% á fyrri helmingi ársins 2012. Kostnaðarhlutfallið er mjög litað af lækkuðum rekstrartekjum vegna lægri vaxtatekna og virðisbreytinga á tímabilinu og gjaldfærslu fyrrnefndrar sektar á Valitor.

Laun og launategd gjöld námu 6.679 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 6.169 milljónir króna á sama tíma 2012. Stöðugildi á tímabilinu voru að meðaltali 1.177 samanborið við 1.159 á sama tíma 2012. Meðallaun hafa hækkað um 4,6% sem er undir þróun launavísitölu milli tímabila, sem hefur hækkað um 5,4%.

Annar rekstrarkostnaður nam 6.228 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 5.475 milljónir króna á sama tíma 2012. Hækkunin nemur 753 milljónum króna og skýrist að talsverðum hluta af gjaldfærðri sekt Samkeppniseftirlitsins á Valitor. Að öðru leyti er annar rekstrarkostnaður í takt við væntingar.

Skattar

Tekjuskattur nam 1.749 milljónum króna samanborið við 2.913 milljónir króna á sama tíma 2012. Virkt tekjuskattshlutfall er nánast það sama og var á sama tímabili 2012, er nú 22,1% en var 21,9% á sama tímabili 2012.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 188 milljónum króna samanborið við 510 milljónir króna á sama tíma 2012. Lækkunin skýrist af lægra skatthlutfalli á árinu 2013 en gildi fyrir tvö undangengin ár.

Aflögð starfsemi

Hrein gjöld af aflagðri starfsemi námu 65 milljónum króna samanborið við 1.379 milljónir króna í hreinar tekjur á sama tíma 2012. Á fyrri helmingi ársins 2012 varð söluhagnaður af sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum sem og af sölu á eignarhlut bankans í N1. Á fyrri helmingi þessa árs hafði sala eigna óveruleg áhrif og tap varð af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans.




Annar ársfjórðungur 2013

Afkoma annars ársfjórðungs 2013 var vel viðunandi. Arðsemi eigin fjár var 13,5% samanborið við 22,7% arðsemi á öðrum ársfjórðungi 2012. Afkoma niður á ársfjórðunga er nokkuð sveiflukennd en þó hafa sveiflurnar minnkað nokkuð frá því þegar þær voru hvað mestar á árunum 2010 og 2011.


Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi 2013 námu 12.056 milljónum króna samanborið við 14.082 milljónir króna á sama tímabili 2012. Eins og sjá má á myndinni eru sveiflur í rekstrartekjum töluverðar og hafa virðisbreytingar útlána og gengismunur hvað mest áhrif á sveiflurnar milli fjórðunga. Þannig voru rekstrartekjur óvenju háar á öðrum ársfjórðungi 2012 vegna mikilla virðisbreytinga og nokkuð mikils vaxtamunar, einkum vegna verðbólgu.

Rekstrartekjur eftir fjórðungum




Hagnaður annars ársfjórðungs 2013 nam 4.502 milljónum króna samanborið við 6.798 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2012. Líkt og í rekstrartekjunum eru það sveiflur í virðisbreytingum og gengismun sem skýra miklar sveiflur í afkomu einstakra fjórðunga.

Afkoma eftir fjórðungum



Kostnaðarhlutfall annars ársfjórðungs 2013 nam 54,4% samanborið við 50,9% á sama tímabili 2012. Kostnaðarhlutfallið sveiflast talsvert milli fjórðunga og ástæður eru bæði einskíptiskostnaður sem og sveiflur í rekstrartekjum sem hafa áhrif á hlutfallið. Hátt kostnaðarhlutfall á fyrstu fjórðungum ársins 2013 má bæði rekja til lægri rekstrartekna og hærri kostnaðar í samanburði við fjórðunga ársins 2012.

Kostnaðarhlutföll eftir fjórðungum






Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
Í milljónum króna	30.06.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.06.2012	Breyt.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25.717	29.746	-14%	16.280	58%
Lán og kröfur til lánastofnana	109.732	101.011	9%	71.769	53%
Lán og kröfur til viðskiptavina	567.257	566.610	0%	578.886	-2%
Verðbréfaeign	153.771	137.800	12%	147.140	5%
Fjárfestingareignir	28.911	28.919	0%	28.379	2%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	10.086	11.923	-15%	16.303	-38%
Aðrar eignir	33.556	24.666	36%	21.293	58%
Eignir samtals	929.030	900.675	3%	880.050	6%

Heildareignir Arion banka námu 929.030 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 900.675 milljónir króna í árslok 2012. Breytingar á tímabilinu eru óverulegar en þær má einkum rekja til aukningar á lausu fé. Fjárhagslegur styrkur bankans er lítið breyttur frá árslokum 2012 og nemur lausafjárhlutfall hans 38,0% og reiðufjárhlutfall 31,8% samanborið við 32,9% og 30,8% í lok árs 2012. Lögbundin lágmark fyrir þessi hlutföll eru 20% og 5%.

Lán og kröfur til viðskiptavina

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 567.257 milljónum króna í lok júní samanborið við 566.610 milljónir króna í lok árs 2012. Nýjar lánveitingar á fyrri helmingi ársins eru töluverðar en uppgreiðslur lána sömu leiðis, sem verður til þess að lánabók bankans stendur nánast í stað. Hlutfall svonefndra vandræðalána hefur lækkað verulega síðustu misserin og mun sú þróun að óbreyttu halda áfram. Í árslok 2010 taldist 53,8% heildarlána til viðskiptavina til vandræðalána en í lok júní 2013 var hlutfallið komið niður í 8,5%. Skilgreining á vandræðalánum eru lán í vanskilum yfir 90 daga og lán sem eru niðurfærð, jafnvel þó þau séu ekki í vanskilum.



Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 153.771 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 137.800 milljónir króna í lok árs 2012.

Verðbréfaeign					
Í milljörðum króna	30.06.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.06.2012	Breyt.%
Skuldabréf	132.744	117.730	13%	128.853	3%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	16.735	16.844	-1%	15.408	9%
Afleiðusamningar	832	788	6%	1.363	-39%
Verðbréf til áhættuvarna	3.460	2.438	42%	1.516	128%
Verðbréf samtals	153.771	137.800	12%	147.140	5%



Arion banki nýtir lausafé sitt m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli ára skýrast einkum af því. Breytingar í öðrum verðbréfum nema óverulegum fjárhæðum.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 10.086 milljónum króna í lok júní 2013 samanborið við 11.923 milljónir króna í lok árs 2012. Lækkunin er einkum til komin vegna sölu á Fram foods Íslandi hf. Helstu eignir undir þessum flokki eru fasteignir og eignarhlutir í félögum sem hafa verið yfirtekin af bankanum í tengslum við uppgjör á lánnum viðskiptavina.


Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	30.06.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.06.2012	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	25.727	32.990	-22%	20.837	23%
Innlán frá viðskiptavinum	466.834	448.683	4%	445.249	5%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	614	1.769	-65%	4.174	-85%
Fjárskuldir á gangvirði	10.005	13.465	-26%	10.439	-4%
Aðrar skuldir	53.459	43.585	23%	49.080	9%
Lántaka	203.100	195.085	4%	192.953	5%
Víkjandi lántaka	32.503	34.220	-5%	32.175	1%
Eigið fé	136.788	130.878	5%	125.143	9%
Skuldir og eigið fé samtals	929.030	900.675	3%	880.050	6%

Heildarskuldir námu 792.242 milljónum króna í lok júní samanborið við 769.797 milljónir króna í lok ársins 2012. Ástæðu hækkunarinnar má einkum rekja til skuldabréfaútgáfu, hérlandis og erlendis, á tímabilinu en einnig hafa innlán aukist nokkuð.

Innlán

Heildarinnlán bankans námu 492.561 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 481.673 milljónir króna í árslok 2012. Þrátt fyrir hækkun á tímabilinu hafa innlán í bankakerfinu lækkað á síðustu misserum, en bankinn hefur haldið sínum hlut á innlánamarkaði. Áfram má búast við flutningi fjármuna úr innlánum í aðra fjárfestingarkosti eftir því sem tækifæri gefast. Bankinn hefur á síðustu árum unnið markvisst að bindingu innlána með það að markmiði að tryggja betur fjármögnun sína.



Lántaka

Lántaka bankans nam 203.100 milljónum króna í lok júní samanborið við 195.085 milljónir króna í lok árs 2012. Hækkunin skýrist af því að á tímabilinu gaf bankinn út 1,8 milljarða króna í sértrygðum skuldabréfum sem eru skráð á NASDAQ OMX Íslandi og 500 milljónir norskra króna (um 11 milljarða íslenskra króna) í skuldabréfum sem voru seld erlendum fjárfestum og hafa verið skráð í kauphöllina í Osló. Bankinn mun áfram vinna að aukinni fjölbreytni í fjármögnun sinni, bæði innanlands og utan.




Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 32.503 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 34.220 milljónir króna í árslok 2012. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Fjármögnun bankans

Á meðfylgjandi mynd má sjá samsetningu á fjármögnun bankans eins og hún var í lok júní 2013. Þegar bankinn var stofnaður í lok október 2008 var hann nær eingöngu fjármagnaður með innlánum sem voru að stórum hluta óbundin. Með markvissum hætti hefur tekist að breyta þeirri samsetningu og dreifa þar með áhættu.



Eigið fé

Eigið fé bankans nam 136.788 milljónum króna í lok júní samanborið við 130.878 milljónir króna í lok ársins 2012. Breytingin er öll vegna afkomu á fyrri helmingi ársins 2013. Eiginfjárlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 24,3% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.

Kennitölur

	6 mán. '13	2012	6 mán. '12
Arðsemi eigin fjár	8,9%	13,8%	18,8%
Arðsemi eigna	1,3%	1,9%	2,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,4%	3,4%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	3,1%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	62,4%	49,8%	52,0%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,8%	2,8%	2,6%
Virkur tekjuskattur	22,1%	18,0%	21,9%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	24,3%	24,3%	22,3%
Tier 1 hlutfall	19,5%	19,1%	17,5%
Vandræðalán	8,5%	12,5%	15,5%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	72,2%	73,0%	78,7%
Útlán sem hlutfall af innlánum	121,5%	126,3%	130,0%
Lausafjárlutfall	38,0%	32,9%	31,6%
Reiðufjárlutfall	31,8%	30,8%	14,5%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.177	1.166	1.159
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.153	1.190	1.173
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	939	927	912
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	918	949	920



Fjárhagsdagatal 2013

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

3. ársfjórðungur 2013	í viku 48
Ársuppgjör 2013	í viku 9 2014
Aðalfundur 2014	mars 2014

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.